Nr. 1093 7. nóvember 2007

# AUGLÝSING

**um breytingu á aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar 1992-2012, miðbæjarreitur.**

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 7. nóvember 2007 staðfest breytingu á aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar 1992-2012, frá 25. maí 1993.

Breytingin felst í því að miðbæjarreitur stækkar til suðurs yfir austasta hluta opins svæðis þar sem nú er skrúðgarður. Jafnframt leiðréttast mörk miðbæjarsvæðisins gagnvart nýju íbúðarsvæði sunnan Kirkjuvegar til samræmis við núverandi lóðarmörk vestan ráðhússins og lóðarmörk íbúðarhúsa í gildandi deiliskipulagi.

Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytinu, 7. nóvember 2007.*

F. h. r.
**Sigríður Auður Arnardóttir.**

*Logi Kjartansson.*

B-deild – Útgáfud.: 22. nóvember 2007